

Fundur 7.11.2022 Carl Sagan.

Komið þið sælir.

Já komdu sæll.

Er það æfinlega ánægjuefni að komast í samband við ykkur og tel ég að framfarir í vísindum á alþjóða mælikvarða séu bundnar framförum ykkar félags af því leitinu til að vísindalegar framfarir geta verið stöðvaðar af pólitískum öfgahópum ef ekki fer vel á lífsstefnu brautinni.

Og er aðdáun mín og virðing fyrir Íslendingum gífurlega mikil. Hef ég beitt mér hér í framlífi fyrir því að þeir vísindamenn sem ég enn hef áhrif á, á gömlu jörðinni geri sér grein fyrir því hversu mikið Ísland hefur upp á að bjóða í ýmsum atriðum og bæði því sem lítur að kenningum dr. Helga Pjeturss og einnig landfræðilegum eiginleikum og möguleikum til þess að reisa fyrstu stjörnusambandsstöðina sem að gagni getur komið og nýtist fjöldanum.

Þótt að ykkar hópur hafi skilað ómetanlegum árangri.

Er ég hér staddur í stjörnusambandsstöð og er það sú hin sama og ég talaði frá síðast er ég talaði til ykkar og finnst mér líttl munurinn á fyrrum stór þjóðum og smá þjóðum í framlífi þegar maður lítur til þeirra andlegu afreka sem margir norðurlanda búar hafa unnið og Íslendingar þar ekki undan skildir og stjörnusambandsstöðvar þeirra sérlega glæsilegar og þekktar fyrir að taka á móti mörgum tignum gestum úr Guðanna ríki.

Og höfum við æfinlega hér á mínum hnetti verið ánægð með að eiga góð samskipti við þær stöðvar og nú upp á síðkastið þegar annars konar ógnir steðjuðu að, sem telja má fornar ógnir úr trúarbragðanna ríki, hefur sjaldan verið mikilvægari samstaðan og samstillingin á milli hnattanna og þjóðanna.

Og er ég ánægður með þann árangur sem náðst hefur á móti helstefnu öflunum.

Já ég finn það að það er æfinlega vel á móti mér tekið þegar ég tala til ykkar og vona ég að í kvöld takist mér að fræða ykkur um nokkur atriði í þeim fræðigreinum sem ég hef lagt stund á hér í framlífi eins og ég lagði stund á í frumlífinu meðal ykkar og væri það til mikils unnið og veit ég að lengi hefur verið stefnt að sambandi við mig og vil ég þakka þeim sem á ykkar hnetti treysta mér til sambands og vona ég að mér takist að koma nokkrum atriðum að sem þið hafið ekki heyrt um mikið áður.

Fæst ég við rannsóknir á stjörnugeimnum og hafa framfarirnar orðið miklar á framlífi mínu eins og gefur að skilja, en vil ég taka það fram áður en lengra er haldið að það eru helstefnu öfl sem trufla sambandið og veit ég ekki hversu vel mér tekst að koma þessu í gegn.

Ég hef komið áður, það eru engar ýkjur að það eru miklar truflanir á sambandinu.

Nafn mitt er Carl Sagan.

*Vertu hjartanlega velkominn.*

Já þakka ég fyrir.

Það er stór geimurinn og víður og það er ótalmargt hægt að segja í þessu efni, en nákvæm staðsetning okkar í sambandi við ykkur er nokuð sem erfitt er að koma til ykkar, en vonandi að það takist við tækifæri en get ég þó sagt það og vil leggja á það að við erum á efnislegum hnetti en ekki neinu andlegu sviði eins og sumir halda fram og er það mikils vert.

Vil ég einnig segja að skammtafræði, rannsóknir þær sem gerðar hafa verið á ykkar jörð eru að skila ykkur á rétta leið og er afstæðiskenningin aðeins ein af mörgum litlum steinvölum á langri leið í þá átt að skilja samhengi margra krafta og er þar ekki allt uppgötvað enn þá.

En vil ég taka það fram að við höfum reynt að hjálpa til við að opna fyrir vísindamönnum á gömlu jörðinni til að meðtaka þetta og ná betri framförum og erum við bjartsýn um að nú fari betri tímar að renna upp og myndi það verða úrslíta atriði að draumakenning dr. Helga Pjeturss yrði viðurkennd.

Ætla ég að reyna að svara nokkrum spurningum á meðan orkan er til staðar, en finnst mér að reynt er að trufla fyrir sambandinu.

Reyni að svara einni eða tveimur spurningum.

*Getur þú sagt okkur hvort þú ert í okkar vetrarbraut eða einhverri annarri?*

Nei ekki vetrarbraut, það er annað orð, en ég er í vetrarbraut já og ég er utarlega í þeirri vetrarbraut eins og þið.

Er það svo að það séu þessi hrikalegu fyrirbæri rísa svarthol í miðju vetrarbrauta eins og stjörnufræðingar telja vera og þess vegna sé ekki neinn möguleiki á að hnettir n'ælaegt miðjunni séu byggilegir, hvað segir þú um það, þá tilgátu?

Já það er talið að það sé hætt á að það sé rétt og er þetta eitt af því sem verður að útskýra nánar síðar hvernig lífstefnu, þegar mörg lífstefnu mannkyn hafa náð að beisla sína krafta er hægt að halda þeim svartholum í skefjum, já og það er umbreyting í annan stað.

Já.

Já svartholin þau valda miklum skaða.

Og.

*En eru samt hluti af byggingu alheimsins?*

Já, já það er hægt að hafa áhrif á þau þegar betur er

*Er kannski hægt að líta svo á að þau séu einhvers konar galli á heimssmíðinni?*

Nei, það er,

*Gegna þau kannski einhverju hlutverki?*

Já, þau eru ákveðin vendipunktur í því sem er fyrir utan hvern takmarkaðan alheim, get ekki alveg komið því að, það kemur að því.

Það er hægt að nýta orku þeirra til þess að tengjast ýmsum punktum, geimurinn er miklu en hver takmarkaður alheimur, en já ég, mér þykir nú hafa tekist að koma mörgu vel í gegn og þakka ég fyrir mjög góðan fund.

*Kærar þakkar fyrir að koma.*

Já.

*Mig langar að spurja, þú sagðir einu sinni í þættinum að þegar sólin myndaðist í gasinu, þá hefðu komið margar sólir, síðan fóru þær, skutust þær í burtu og hérna var þá vara þessi sól hér eftir, eitthvað út í vetrarbrautina, er þetta skekkja hjá mér, veistu hvar þessar sólir eru, eru mannkyn sem hafa þróast við þær sólstjörnur?*

Mér þykir þú blanda nokkrum kenningum saman, það myndast ekki margar sólir heldur er aflið sem þéttir stjörnuþykkið og myndar sólina, samt af því dreyfist annað en mannkynin sem hjálpa til við að beisla afl sólanna og, náði ekki alveg.

*Það er, það er, þetta er einhver misskilningur hjá mér bara.*

Já en ég þakka fyrir samt og ég þakka fyrir að þú hafir horft á þessa þætti.

*Mjög góðir.*

Já, það gleður mig, yljár hjartarætur, ég þakka.

Ég þakka fyrir og reyni að koma síðar. Alltaf gaman að tala við ykkur.

Og gangi ykkur allt í haginn, verið þið sælir.

*Ég þakka fyrir komuna.*

*Ég þakka þér líka, endilega fá þig oftár.*

Takk fyrir.